

UMF TINDASTÓLL

Stofnað 1907



Ársskýrsla 2009

LÖG UNGMENNAFÉLAGSINS TINDASTÓLS

1. grein. Heiti félagsins :

Félagið heitir Ungmennafélagið Tindastóll, skammstafað U.M.F. Tindastóll.
Lögheimili þess er Sauðárkrókur. Merki þess er hvítt T í jafnarma þríhyrni í bláum og rauðum grunni

2. grein. Tilgangur félagsins :

Að vernda og efla stjórnarfarslegt, menningarlegt og fjárhagslegt sjálfstæði Íslendinga og vekja virðinu þeirra fyrir þjóðernislegum verðmætum sínum.
Að hjálpa félagsmönnum og öðrum æskulýð til aukins þroska með fræðslu og íþróttastarfsemi, og til íhugunar um þjóðnytjamál og vinna að framgangi þeirra.
Að stuðla að bindindi og vernda ungmenni landsins gegn neyslu áfengra drykkja og eiturlyfja og vinna að heilbrigðu skemmtana – og félagslífi.
Að vinna að bættri lífsafkomu þjóðfélagsþegna.
Að beita sér fyrir uppgræðslu, skógrækt og náttúruvernd.
Að vinna að því að skapa í hvívetna heilbrigðan hugsunarhátt meðal æskulýðs, í fjármálum, heilsuverndum og fegrun móðurmáls.

3. grein. Starfsaðferðir :

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með fundarhöldum, íþróttaiðkunum, blaðaútgáfu og annarri félagsmálastarfsemi. Ennfremur að halda í fjölbreytt námskeið og vinna að ýmsum framkvæmdum eftir því sem þurfa þykir.

4. grein. Innganga og úrsögn :

Félagar geta allir orðið, sem lagt hafa fram skriflega inntökubeiðni, með upplýsingum um fullt nafn, kennitölu og heimilisfang. Þó skulu unglingar innan 18 ára aldurs leggja fram skriflegt leyfi a.m.k. annars foreldris eða forráðamanns til inngöngu. Þegar þessi skilyrði hafa verið uppfyllt er umsækjandi þegar fullgildur félagi. Jafnframt verða allir þeir sem opinberlega keppa undir merki félagsins sjálfkrafa félagar.
Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega til aðalstjórnar.
Halda skal skrá yfir alla meðlimi félagsins, svo séð verði á hverjum tíma hverjir eru fullgildir félagar.

5. grein. Félagsgjöld.

Félagar skulu greiða árgjald til félagsins. Skal það ákveðið á aðalfundi ár hvert.
Árgjald rennur í aðalsjóð félagsins.

6. grein. Deildir :

Iðkendum hvernar íþróttagreinar er heimilt að mynda deildir innan félagsins. Hver íþróttadeild skal hafa sérstaka stjórn og aðskilin fjárhag. Skal hver deild sjá um sig sjálf fjárhagslega og hafa tekjur að ágóða móta og kappleikja í viðkomandi grein, svo og af öðrum fjáröflunum, sem hún tekur sér fyrir hendur í samráði við aðalstjórn. Stjórn hvernar deildar annast rekstur hennar.
Að öðru leyti lúta deildirnar sameiginlegri aðalstjórn félagsins, sem fer með æðsta vald í málum þess milli aðalfunda.
Ákvörðun um stofnun nýrrar deildar innan félagsins verður aðeins tekin á aðalfundi.

7. grein. Stjórn :

Stjórn félagsins skipa 5 menn ; formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður og meðstjórnandi. Skulu þeir kosnir á hverjum aðalfundi, formaður skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Formaður stjórnar fundum eða skipar aðra félagsmenn til þess. Ritari heldur gjörðabók félagsins og ritar fundargerðir. Gjaldkeri innheimtir tekjur og greiðir gjöld félagsins. Gjaldkeri heldur reikninga félagsins. Reikningsár félagsins er almanaksárið 1. janúar til 31. desember.

8. grein. Aðalfundur :

Aðalfundur félagsins skal haldinn á tímabilinu frá 15. febrúar til 15. apríl ár hvert, og skal þar kosin stjórn, 2 endurskoðendur og nefndir félagsins fyrir næsta ár, og endurskoðaðir reikningar síðasta árs bornir upp til samþykktar. Fráfarandi stjórn skal á aðalfundi leggja fram ársskýrslu og skýra frá starfi og hag félagsins undanfarið starfsár.

Aðalfundur skal boðaður með minnst viku fyrirvara og er hann lögmætur, sé löglega til hans boðað.

Aðalfundur úrskurðar um meint brot á félagslögum og ákvarðar viðurlög.

Aukaaðalfund skal boðaður með sama hætti og reglulegan aðalfund. Reglur um aðalfund gilda, eftir því sem við á, um aukaaðalfund. Þó skulu lagabreytingar, stjórnarkjör og stofnun nýrra deilda, aðeins fara fram á reglulegum aðalfundi.

9. grein. Félagsfundir :

Félagsfundur skal boðaður ef a.m.k. 20 félagsmenn krefjast þess eða þegar aðalstjórn ákveður.

10. grein. Heimild stjórnar :

Heimilt er stjórn að skipa í nefndir milli aðalfunda er þurfa þykir. Allir félagar í U.M.F.Í. hafa málfrelsi og tillögurétt á félagsfundum.

11. grein. Verkefni stjórnar :

Aðalstjórn skal vinna að því að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess út á við. Hún skal einnig samræma starfsemi félagsins inn á við og hafa eftirlit með starfsemi deildanna. Hún hefur umráðarétt yfir eignum félagsins og markar stefnu þess í öllum veigamiklum málum. Hún skal þó jafnan hafa samráð við stjórnir deildanna um mál er þær varðar sérstaklega.

12. grein. Stjórnir deilda :

Hver deild innan félagsins skal hafa sérstaka stjórn, sem skipuð er þremur mönnum hið fæsta. Skulu þeir kosnir á aðalfundum deildanna, en hver deild skal halda aðalfund árlega. Reglur um fundarboðun, lögmæti fundar og dagskrá, sem gilda um aðalfund félagsins, gilda einnig um aðalfundi deildanna, eftir því sem við á. Að loknum aðalfundi hvers deildar og eigi síður en 15. febrúar ár hvert, skulu stjórnir deildanna skila aðalstjórn skýrslu sinni um starfsemi viðkomandi deildar, ásamt endurskoðuðum og samþykktum reikningum deildarinnar.

Aðalstjórn skal taka helstu atriði úr skýrslum deildanna upp í skýrslu sína á aðalfundi félagsins.

Vanræki íþróttadeild að halda aðalfund á lögakveðnum tíma, skal aðalstjórn félagsins boðaður til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

Einstakar deildir skili rekstraruppgjöri til aðalstjórnar á fjögurra mánaða fresti 30. apríl, 31. ágúst og 31. desember ár hvert.

13. grein. Formannafundir :

Eigi sjaldnar en þrisvar á ári skal aðalstjórn félagsins halda fundi með formönnum deildanna, þar sem þeir gera stjórninni grein fyrir starfsemi deildanna. Á fundum þessum skal einnig ákveða skiptingu styrkja og annarra tekna aðalsjóðs félagsins milli deildanna og samræma starfsemi þeirra. Komi upp ágreiningur milli einstakra deilda, sker aðalstjórn úr.

14. grein. Eignir félagsins :

Allar eignir félagsins, hvort sem þær eru í umsjá aðalstjórnar eða einstakra deilda, er sameign félagsins. Hætti íþróttadeild starfsemi, skal stjórn hennar afhenda aðalstjórn allar eignir hennar svo og fundargerðarbækur og hverskonar gögn, sem varpa starsemi hennar. Verðlaunagripir og verðmæt skjöl skulu ávallt vera í vörslu aðalstjórnar.

15. grein. Skuldsetning félagsins :

Óheimilt er að skuldsetja félagið eða einstakar deildir þess nema með samþykki meirihluta aðalstjórnar. Stofni einstakar deildir fjárhagslega skuldbindingu án þessa samþykkis verða þær á ábyrgð þeirra sem til þeirra stofna og félaginu óviðkomandi.

16. grein. Heiðursveitingar :

Heiðursfélagsmerki U.M.F. Tindastóls. Aðalfundur hefur heimild til að kjósa heiðursfélaga að tillögu stjórnar, en umræður um uppástungu að heiðursfélaga skulu ekki leyfðar. Við þá samþykkt þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Heiðursfélögum skal við hátíðlega athöfn afhent heiðursmerki U.M.F. Tindastóls úr gulli, sem er æðsta heiðursmerki ungmennafélagsins. Viðtakandi verður að hafa unnið mikið og samfellt starf fyrir U.M.F. Tindastól.

Starfsmerki U.M.F. Tindastóls má veita fyrir frábært átak eða afrek í félagstörfum, skipulagstörfum, framkvæmdastjórn eða á íþróttasviðinu. Til grundvalla þarf ekki að liggja langt samfellt starf.

Gestamerki U.M.F. Tindastóls má veita aðilum utan félagsins, sem í verki hafa sýnt því sérstakan sóma og velvild.

17. grein. Lagabreytingar :

Engu má breyta í lögum þessum nema á aðalfundi og þá með 2/3 hluta greiddra atkvæða. Greini lög þessi á við sambandslög U.M.F.Í eru sambandslögin réttari meðan félagið er í U.M.F.Í.

18. grein. Gildistaka :

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi öll eldri lög félagsins.

Samþykkt á aðalfundi 16. apríl 2002.

Ársskýrsla Ungmennafélagsins Tindastóls árið 2009

Lagt fram á aðalfundi félagsins 11. mars 2010.

Stjórn U.M.F. Tindastóls, sem kosin var á aðalfundi félagsins 26. febrúar 2009:

Gunnar Þór Gestsson, formaður
Magnús Helgason, varaformaður
Kristjana Jónsdóttir, ritari
Elínborg Svavarsdóttir, gjaldkeri
Jón Daníel Jónsson, meðstjórnandi

Varamenn í stjórn:

Jakob Frímann Þorsteinsson
Ísak Sigurjón Einarsson
Marteinn Jónsson

Skoðunarmenn reikninga:

Hjörtur Geirmundsson
Gunnar Þór Sveinsson

Stjórnarfundir voru haldnir óreglulega á árinu. Allar fundargerðir eru aðgengilegar á vef félagsins, www.tindastoll.is. Rétt til setu á stjórnarfundum hafa auk stjórnar og varastjórnar félagsins, formenn deilda félagsins eða aðrir stjórnarmenn sem fulltrúar þeirra.

Bókaðir stjórnarfundir á liðnu starfsári voru 9. Auk þess hafa stjórnarmenn haft töluverð samskipti á rafrænu vinnusvæði félagsins hjá Fjölnetinu.

Heiðursfélagar Ungmennafélagsins Tindastóls eru

Árni Guðmundsson, Súluhólum 2, Reykjavík
Páll Ragnarsson, Birkihlíð 35 á Sauðárkróki
Stefán Guðmundsson, Sauðármýri 3 á Sauðárkróki
Stefán Pedersen, Smáragrund 15 á Sauðárkróki

Heimilisfang Ungmennafélagsins Tindastóls

Víðigrund 5, 550 Sauðárkróki
Kennitala 650269-5949

Skýrsla aðalstjórnar

Árið 2009 verður sjálfsagt þekkt sem fyrsta árið eftir bankahrunið. Hrun á verðmæti verðbréfa í eigu félagsins varð til þess að eigið fé aðalstjórnar varð neikvætt í lok ársins 2008. Íslensku verðbréfin voru leyst út en þau erlendu voru ennþá í eigu félagsins um síðustu áramót. Þau höfðu þá hækkað um nærri helming síðan þau voru í lægstu stöðu. Í lok febrúar 2010 var svo ákveðið að leysa út erlendu verðbréfin líka og færa fjárhæðirnar á innlenda bankareikninga. Eigið fé aðalstjórnar er því orðið jákvætt í lok ársins 2009 og lausafjárstaðan nokkuð góð.

Hluti af bankainnistæðum aðalstjórnar tilheyra mannvirkja- eða framkvæmdasjóði sem stofnaður var á eitthundrað ára afmæli félagsins með gjöf frá Menningarsjóði Kaupfélags Skagfirðinga. Þessi sjóður hefur staðið straum af kostnaði við hönnunarvinnu og teikningar vegna íþróttasvæðis á Sauðárkróki, en einnig staðið straum af kostnaði við uppsetningu stands við Vallarhúsið þar sem knattspyrnudeildin og körfuknattleiksdeildin hafa auglýst kappleiki sína. Ég mæli með því að aðrar deildir félagsins nýti sér þennan tilkynningastand og sækji þá fjármagn í þennan sjóð ef smíða þarf skilti fyrir kappleiki eða viðburði á vegum félagsins.

Stærri styrktaraðilar félagsins hafa flestir haldið sýnum styrkjum í óbreyttri krónutölu þrátt fyrir samdrátt á síðasta ári. Undantekningin er Arion Banki sem þurfti að skera niður fjármagnið um 80%. Stjórnendur Arion Banka eru í góðu samstarfi við aðalstjórn og stefna að því að verða áfram áberandi styrktaraðilar í starfi félagsins.

Þann 17. febrúar 2009 komu Kristján Björn Snorrason Sparisjóðsstjóri og Karl Jónsson til okkar og vildu gera heildarsamning við UMF Tindastól. Þegar styrktaraðilar hafa frumkvæði að því að auka fjárframlag sitt til félagsins verðum við að sjálfsögðu afskaplega glöð. Kristján Björn Snorrason kom á aðalfund félagsins og kynnti nýjan styrktarsamning á milli UMF Tindastóls og Sparisjóðs Skagafjarðar. Sparisjóðsstjóri og formaður UMF Tindastóls ásamt vottum skrifuðu undir samninginn. Sparisjóðsstjóri afhenti síðan formanni UMF Tindastóls samningsgreiðsluna fyrir árið 2009. Veitingar að loknum fundinum voru í boði Sparisjóðs Skagafjarðar.

Bæði knattspyrnudeild og körfuknattleiksdeild urðu fyrir mikilli hækkun útgjalda í kjölfar lækkunar á gengi krónunnar og hækkunar á eldsneytisverði. Fastir samningar urðu til þess að kostnaðurinn varð meiri en ráð var fyrir gert og eru báðar þessari deildir að jafna fjárhaginn eftir þetta áfall. Reikningar deilda fyrir árið 2009 gefa góða mynd af því að stjórnir vilja halda fjárhag réttu megin við núllið. Eins og Halldór Halldórsson formaður körfuknattleiksdeildar talar um í sinni skýrslu þá hefur þetta í för með sér að stjórnarmenn og sjálfboðaliðar eyða nánast öllum sínum tíma í að láta fjárhagslegu hliðina virka og það kemur niður á faglegu hliðinni í starfinu.

Það er hlutverk aðalstjórnar að reyna að leiðrétta þetta eins fljótt og hægt er með samstilltu átaki félagsins, fyrirtækja og Sveitarfélagsins. Félagið sótti um styrki í átaksverkefni hjá Vinnumálastofnun og hefur fengið vilyrði fyrir 150 þúsund króna greiðslu í níu mánuði fyrir starfsmann á vegum félagsins. Það er stefna aðalstjórnar að ráða starfsmann til félagsins á næstu vikum, starfsmann með nauðsynlega menntun og reynslu til að aðstoða félagið bæði faglega og fjárhagslega.

Skipulagsmál og framtíð íþróttasvæðis og íþróttamannvirkja voru áfram rædd á árinu 2009. Aðalstjórn hefur lagt áherslu á að skipulag geri ráð fyrir fjölmota íþróttahúsi í fullri stærð sem yrði sambyggt við núverandi íþróttahús. Gert er ráð fyrir færanlegu parketgólfi sem getur

orðið æfinga- og keppnissvæði fyrir körfuknattleiksdeildina ásamt núverandi íþróttahúsi. Í skipulagi vill aðalstjórn einnig gera ráð fyrir innisundlaug og vatnagarði, jafnvel í wipeout stíl á sama svæði. Til þess að þetta gangi eftir þarf að fjarlægja efni úr syðsta hluta Nafanna og einnig nokkuð efni fyrir ofan Heimavist Fjölbrautaskólans. Það er trú aðalstjórnar að inniknattspyrnuvöllur í fullri stærð verði til þess að ekki þurfi að leita stækkunar á núverandi íþróttasvæði í nánustu framtíð. Unnið verður áfram í þessu skipulagi og stefnt á að kynna niðurstöðuna um mitt ár 2010.

Á síðasta aðalfundi var lýst kjöri Íþróttamanns UMF Tindastóls fyrir árið 2008. Bjarki Már Árnason, Sætúni 7 á Hofsósi var tilnefndur sem íþróttamaður ársins af knattspyrnudeild. Ísak Einarsson, Jöklatúni 4 á Sauðárkróki var tilnefndur sem íþróttamaður ársins af körfuknattleiksdeild. Linda Björk Valbjörnsdóttir, Ártúni 7 á Sauðárkróki var tilnefnd sem íþróttamaður ársins af frjálsíþróttadeild. Steinunn Snorradóttir, Skagfirðingabraut 35 á Sauðárkróki var tilnefnd sem íþróttamaður ársins af sunddeild. Sævar Birgisson, Neðribraut 10 í Mosfellsbæ var tilnefndur sem íþróttamaður ársins af skíðadeild. Íþróttamaður Tindastóls árið 2008 er Ísak Einarsson, körfuknattleiksmaður ársins.

Formaður UMF Tindastóls afhenti Rannveigu Helgadóttur starfsbikarinn sem Ómar Bragi Stefánsson gaf félaginu á 100 ára afmæli félagsins. Rannveig Helgadóttir hefur í mörg ár unnið fyrir félagið ómælt starf, er í stjórn skíðadeildar og vinnur einnig mikið sjálfboðaliðsstarf fyrir aðrar deildir.

Með ungmennafélagkveðju,

Gunnar Þór Gestsson

Formaður UMF Tindastóls.

Ársreikningur aðalstjórnar**Rekstrarreikningur ársins 2009****2009****2008**

Tekjur:

Fjáröflun:

Lottó	468.654	1.022.655
Félagsgjöld	841.275	465.500
Önnur fjáröflun	0	0
	1.309.929	1.488.155

Styrkir:

Svf. Skagafjörður, húsaleigustyrkur	16.987.200	11.575.200
Svf. Skagafjörður, styrkur til deilda	3.547.852	3.923.726
Svf. Skagafjörður, styrkur v. afborgunar láns	3.996.028	3.920.474
Svf. Skagafjörður styrkur v. 17. júní	0	500.000
Kaupþing banki, Sauðárkróki	300.000	1.500.000
Kaupfélag Skagfirðinga	1.680.000	1.680.000
Sparisjóður Skagafjarðar	1.500.000	0
Fjölnet hf.	208.313	402.154
	28.219.393	23.501.554

Vaxtatekjur og gengishagnaður	1.064.760	498.948
-------------------------------	-----------	---------

Tekjur samtals	30.594.082	25.488.657
----------------	------------	------------

Gjöld:

Íþróttahús, húsaleiga	16.987.200	11.575.200
Körfuknattleiksdeild	2.578.776	3.051.636
Knattspyrnudeild	2.578.776	3.321.636
Knattspyrnudeild, 3fl.	200.000	200.000
Sunddeild	563.753	1.020.328
Frjálsíþróttadeild	1.067.509	1.508.654
Skíðadeild	419.825	722.015
Stjórnunarkostnaður	252.779	685.766
Húsaleiga Víðigrund 5	204.000	204.000
Tölvukostnaður	265.042	402.154
	25.117.660	22.691.389

Vaxtagjöld, verðbætur og matsbreyting verðbréfa	1.992.299	5.978.778
---	-----------	-----------

Gjöld samtals	27.109.959	28.670.167
---------------	-------------------	-------------------

Hagnaður /(tap) ársins	3.484.123	(3.181.510)
------------------------	------------------	--------------------

Ársreikningur aðalstjórnar

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

2009

2008

Eignir

Fastafjármunir:

Eignarhluti í Bifröst FM	1.872.000	1.912.000
--------------------------	-----------	-----------

Veltufjármunir:

Kaupfélag Skagfirðinga	0	420.000
Verðbréf IS-15	0	619.089
Verðbréf, alþjóðlegur hlutabréfasjóður	1.685.205	867.830
Tékkareikningur 16366 í Arion Banka	1.348.350	494.002
Tékkareikningur 5763 í Arion Banka	1.423.791	1.167.717
Tékkareikningur 140	63.785	0
Markaðsreikningur 301601	2.521.098	2.391.143
Sparisjóðsbók nr. 133217	0	12.337
Sparisjóðsbók nr. 14756	0	9.298
Gjaldeyriseikningur nr. 400226	0	6.483
Gjaldeyriseikningur nr. 301295	0	1.728
Tékkareikningur 3400 í Landsbanka Íslands	212	205
	7.042.441	5.989.832

Eignir samtals	8.914.441	7.901.832
----------------	------------------	------------------

Eigið fé og skuldir

Eigið fé:

Eigið fé frá fyrra ári	(896.380)	2.193.130
Endurmat ársins	(40.000)	92.000
Hagnaður (tap) ársins	3.484.123	(3.181.510)
Eigið fé samtals	2.547.743	(896.380)

Skuldir:

Arion Banki skbr.nr. 014330	6.366.698	8.791.297
Lánadrottinnar	0	6.915
Skuldir samtals	6.366.698	8.798.212

Eigið fé og skuldir samtals	8.914.441	7.901.832
-----------------------------	------------------	------------------

Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar

Aðalfundur knattspyrnudeildar var haldinn í jan. 2009. Þá verandi stjórn hélt áfram störfum. Stjórnina skipa: Róbert Óttarsson formaður, Skúli V. Jónsson varaformaður, Auður Aðalsteinsdóttir ritari, Hrafnhildur S. Pétursdóttir meðstjórnandi og meistaraflokksráð kvenna, Gaui meðstjórnandi, Ómar Bragi Stefánsson meðstjórnandi og meistaraflokksráð karla ásamt Atla Hjartarsyni sem var gjaldkeri. Skúli Jónsson hélt áfram að starfa fyrir deildina sem framkvæmdarstjóri. Ómar Bragi hefur séð til þess að heimasíðan sé virk. Stjórnin þakkar þeim báðum fyrir vel unnin störf fyrir knattspyrnudeildina.

Yngri flokkar.

Mikið starf hefur verið unnið í yngri flokkum á árinu. Reynt hefur verið að hafa fagfólk við þjálfun og hefur það gengið vel. Tekinn var sú ákvörðun að fá lærdan íþróttakennara í fullt starf hjá deildinni. Sigmundur Birgir Skúlason tók við þjálfun 5, 6, og 7 flokka.

Vetrarstarfið fór að vanda fram í íþróttahúsinu, reiðhöllinni og á sparkvellingum. Tímarnir sem knattspyrnudeild fær í íþróttahúsinu eru ekki eins og best verður ákosið, á tímum sem nýtast oft ekki nógu vel. Ljóst er að þessi aðstaða er deildinni ekki til framdráttar og hætta er á að okkar krakkar dragist aftur úr vegna þessa.

Sumarastaðan er aftur á móti er alveg frábær og fær Sigurbjörn vallarstjóri og hans fólki þakkir fyrir allt það starf sem þeir unnu á vellingum.

Sumarið gekk vel í góðu samstarfi við Sumartím. Haldinn voru 2 fótboldamót, Landsbankamót og Króksmót, og tókust þau bæði mjög vel. Góð þátttaka og vel skipulögð að vanda.

3. flokkur kvenna fór til Svíþjóðar og tókst það mjög vel. Náðið liðið þökkalegum árangri á mótinu.

Meistaraflokkar

Meistaraflokkur karla spilaði í 2. deild sl. sumar en kvennaliðið spilaði í 1. deild.

Þjálfarar sem voru ráðnir til að halda utan um þessa flokka voru:

Meistarafll. Kk.: Sævar Pétursson

Meistarafll. Kvk.: Ingvar Magnússon fram að páskum, Jói Færeyingur það sem eftir lifði sumri.

Helena Magnúsdóttir vann mikið og gott starf með báðum meistaraflokkunum bæði sem aðstoðarþjálfari og sem sjúkraþjálfari. Vill stjórnin þakka henni fyrir hennar störf.

Meistaraflokkur karla tók þátt í Soccerade mótinu, deildarbikar, bikarkeppni og Íslandsmóti. Meistaraflokkur kvenna tók þátt í bikarkeppninni og Íslandsmótum. Auk þess spiluðu meistaraflokkarnir nokkra æfingaleiki á yfirstandi tímabili.

Árangur allar flokka

Árangurinn var misgóður eins og gefur að skilja. Allir flokkar, þjálfarar, foreldrar og aðstandendur eiga hrós skilið því að Tindastóll er eitt fára liða á landsbyggðinni sem er með lið í öllum yngri flokkum á Íslandsmóti. Er þetta dæmi um það frábæra starf sem átt hefur sér stað undan farinn ár.

Þjálfaraskipti urðu á nýju ári þar sem Sævar Pétursson var fenginn til starfa. Ákveðið var að halda áfram að treysta á heimamenn til að spila fyrir hönd meistaraflokks karla. Gafst það vel

að því frá töldu að Tindastóll féll um deild og mun spila í 3 deild sumarið 2010. Þrátt fyrir það má sjá greinilega aukningu í ástundun.

Króksmót

Króksmót var haldið helgina 8.-9. ágúst. Þátttakendur voru rúmlega 1000 frá öllum landshornum. Allt mótið gekk vel fyrir sig en enn má bæta ýmisatriði þannig að gott verði betra.

Ómögulegt er að þakka öllum þeim aðilum sem að mótinu koma. Mikill vinna er unnin á baka við tjöldin. Stjórnin reyndi að skipuleggja eins margt og mikið og mögulegt var fyrir mót með því að auglýsa eftir sjálfboðaliðum, skipa í vinnuhópa, kalla á reynslubolta sem unnið hafa að mótunum áður ofl. Hrafnhildur Pétursdóttir á meira af upplýsingum en nokkur annar í minnisbókinni sem hún færir allt í frá fyrri mótum. Hennar framlag er ómetanlegt. Einnig unnu Skúli, Ómar, Gaui ofl. endalaust mikið af þessu móti.

Landsbankamót

Landsbankamótið var haldið helgina 30.-31. júní. Landsbankamótið hefur vaxtið nokkuð frá fyrra ári. Það má hugsa betur um þetta mót og stækka en frekar. Það er lítil hópur fólks sem heldur utan um þetta mót. Prufað var að fara aðrar leiðir með matinn sem tókst ágætlega. Það er eins með þetta mót eins og Króksmótið að það er mikil vinna unnin sem ekki er hægt að þakka nógu vel fyrir. Margir aðilar koma að þeirri vinnu og verður ekki gerð upptalning á öllu því fólki.

Fjármálin

Vinna við fjármál hefur tekið mikinn tíma eins og jafnan. Fjármálin voru ekki í nógu góðu þegar árið byrjaði. Reynt var að sína aðhald í fjármálunum. Fall á krónunni kom illa við okkur, herra olíuverð kallaði á meiri kostnað. Náðist að gera hagstæðari samninga við þjálfara. Reynt var að fara varlega í allri notkun á fjármunum sem skilaði okkur nokkrum árangri. Byrjað er að vinna í komandi tímabili að ýmsum veffangi. Eins og því að vinna með búningamál, þjálfaramálum ofl.

Önnur mál

Árleg jólatrésala Knattspyrnudeildar tókst vel, sama verð á hefur verið núna í 2 ár en það hefur ekki verið að gefa eins vel vegna hækkandi innkaupsverðs.

Lokaorð

Það er margt sem bendir til þess að betri tímar séu framundan. Betri fjárhagsstaða, aukning í ástundun, undirbúnings vinna stjórnar á skiptingu deildarinnar í unglingaráð og meistaraflakksráð. En það er lykill af því að Tindastóll nái betri árangri í öllum flokkum. Eins hefur verið haldið skipulega upp þeirri stefnu að reyna að fá eins mikið af lærðum þjálfurum og mögulegt er muni undirritaður telja það gæfulegast að ráða fleiri þjálfara í vinnu sem hefðu það fyrir aðalatvinnu að þjálfra.

Sumarmótin tókust vel og vonumst við til að þau muni haldast halda áfram að auglýsa Sauðárkrók sem fótboltabæ.

Að lokum ber okkur að þakka öllum þeim fjölmörgu aðilum sem stutt hafa við rekstur deildarinnar á liðnu ári. Fisk-Seafood, Landsbankinn, Sparisjóður Skagafjarðar, Kaupfélagi Skagfirðinga, Sveitarfélaginu Skagafjörður, Kaupþing, Steinull, Ólafshús og fleiri.

f.h. Stjórnar knattspyrnudeildar Tindastóls
Róbert Óttarsson, formaður

Ársreikningur knattspyrnudeildar

REKSTRARREIKNINGUR 2009

	2009	2008
Rekstrartekjur		
Framlag frá aðalstjórn	2.578.776	3.321.636
Fjárafilanir og styrkir	4.397.675	3.512.000
Aðgangseyrir	0	371.035
Æfingagjöld yngri flokka	4.837.092	4.425.195
Króksmót	6.823.412	7.129.407
Landsbankamót	3.411.469	2.809.535
Jólatréssala	638.767	1.054.415
Aðrar tekjur	3.026.894	1.537.622
Rekstrartekjur samtals	25.714.085	24.160.845
Rekstrargjöld		
Rekstur skrifstofu	1.384.708	1.485.425
Meistaraflokkur karla	9.551.077	12.615.844
Meistaraflokkur kvenna	1.291.161	
Yngri flokkar	8.258.096	5.686.647
Króksmót	1.625.302	2.694.390
Landsbankamót	1.515.412	1.440.954
Jólatréssala	707.814	671.569
Annar kostnaður	329.838	222.893
Rekstrargjöld samtals	24.663.408	24.817.722
Hagnaður/-tap fyrir afskriftir og fjármagnsl.	1.050.677	-656.877
Afskriftir	0	-88.887
Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	263.392	30.129
Vaxtagjöld	663.635	253.932
Fjármagnsliðir samtals	-400.243	-223.803
Hagnaður/-tap tímabilsins	650.434	-969.567

Ársreikningur knattspyrnudeildar

EFNAHAGSREIKNINGUR 31.12.2009

	31.12.2009	31.12.2008
Eignir		
Bankareikningar	373.315	954.232
Viðskiptakröfur	1.599.637	0
Búningar	1.593.061	1.593.061
Stúka	1.438.655	1.438.655
Eignir alls	5.004.668	3.985.948
Skuldir og eigið fé		
Viðskiptaskuldir	3.999.951	3.631.665
Skuldir alls	3.999.951	3.631.665
Eigið fé		
Eigið fé í byrjun tímabils	354.283	1.323.850
Hagnaður/-tap tímabilsins	650.434	-969.567
Eigið fé í lok tímabils	1.004.717	354.283
Skuldir og eigið fé	5.004.668	3.985.948

Skýrsla aðalstjórnar körfuknattleiksdeildar

Ágætu félagar!

Eins og venja er förum við í fáum orðum yfir árið og keppnistímabilið sem nú er liðið. Starf deildarinnar hefur verið í föstum skorðum í allnokkur ár og lítið um breytingar þannig að í raun er fátt nýtt fram að færa í þessari skýrslu sem ekki er ritað í skýrslu síðasta árs.. Á síðasta aðalfundi voru kjörin í stjórn Halldór Halldórsson, Áskell Heiðar Ásgeirsson, Jóhann Ingólfsson, Jóhann Sigmarsson og Viggó Jónsson.

Ekki varð nokkur breyting á helsta starfi stjórnarinnar sem líkt og endranær fólst aðallega í að sinna fjárhagnum og reyna að láta enda ná saman. Af gömlum vana þykir mér rétt að nefna að endalaus vinna við að afla fjár kemur niður á öðrum þáttum í starfi deildarinnar og stendur í vegi fyrir því að fólk gefi sig í starf fyrir deildina.

Eins og lesa má í ársreikningi tókst ágætlega til við rekstur deildarinnar á síðasta tímabili þannig að nokkur afgangur varð af rekstrinum eða rúmlega 1.100.000 krónur sem er vel ásættanlegt. Í dag má segja að deildin sé nánast skuldlaus ef frá er skilin skuld við Merkisbræður sf. Ætla má að sú skuld sé í raun lægri en fram kemur í ársreikningi þar sem uppgjör vegna vinnu sem unnin var í sjálfböðavinnu við framkvæmdir þar hefur ekki farið fram en tekið verður tillit til þess í næsta ársreikningi deildarinnar. Sem endranær ber að þakka þeim fyrirtækjum sem styrktu okkur á síðasta tímabili. Þá hefur sveitarfélagið stutt við bakið á okkur af myndarbrag. Nú er þarf að gæta þess að deildin verði áfram rekin án taps því ella er voðinn vís eins og menn þekkja frá fyrri tímum.

Rekstur rútu deildarinnar gekk vel og höfum við verið heppin með hve lítið hún hefur bilað. Það er forsenda fyrir rekstrinum að okkur hefur tekist að fá fyrirtæki til að styrkja okkur við reksturinn með vinnu og gjöf á varahlutum og þess háttar. Líkt og endranær var unnið allnokkuð við fjáraflanir og þær fjölbreyttar að vanda.

Nokkur orð um árangur félagsins á vellinum.

Af meistaraflokki karla er það að segja, að Kristinn Friðriksson var líkt og undanfarin ár þjálfari liðsins. Liðinu gekk vel framan af meðan þeir leikmenn sem hingað voru fengnir voru heilir heilsu. Síðan gerðust þau ósköp að einn þriggja erlendu leikmannanna fékk heimþrá og vildi fara heim og auðvitað var ekki staðið gegn því. Næsta áfall var að bandaríski leikmaðurinn meiddist og þurfi að fara í aðgerð sem síðan kom í ljós að tókst ekki nægilega vel. Þetta var til þess að styrkur liðsins var ekki sá sami og í upphafi og okkur tókst ekki að fá menn til að fylla í þeirra skarð. Svo fór að lokum að liðið endaði í 9. sæti.

Um starf og árangur yngri flokka má vísa til nefndrar skýrslu unglingaráðs. Í skýrslu stjórnar fyrir tvö síðustu starfsár var vikið að því að deildin hefur árum saman fengið of fáa tíma til ráðstöfunar í íþróttahúsinu hér í bæ. Ég get ekki annað en endurtekið þá umfjöllun hér enda er ástandið óásættanlegt. Íþróttahúsið er notað meira og meira undir samkomur sem ekki tengjast íþróttum og þá eru tímar felldir niður jafnvel heilu helgarnar. Ef til þess er ætlast að lið héðan nái árangri í körfubolta þá verðum við að fá fleiri tíma í íþróttahúsinu en okkar lið æfa mun minna en önnur lið sem vilja ná árangri. Þá er full ástæða til að æfa meira utan keppnistímabils en gert hefur verið. Vonandi verður af byggingu körfuboltavallar við Árskóla eins og stefnt hefur verið að en slíkur völlum, gerður í samræmi við kröfur nútímans, myndi auka mikið við aðstöðuna og iðkun körfubolta hér í bæ.

Loks ber að þakka öllum þeim sem komu að starfi deildarinnar á einhvern hátt hvort sem það var gert með fjárframlögum, vinnuframlagi eða bara hvatningu á kappleikjum. en þrátt fyrir að mér þyki sem of fáir leggi hönd á plóg þá er það svo að við eigum víða

Með íþróttakveðju,

F. h. körfuknattleiksdeildar,
Halldór Halldórsson.

Ársreikningur aðalstjórnar körfuknattleiksdeildar

REKSTRARREIKNINGUR 01.07.2008 - 30.06.2009

	2009	2008
Rekstrartekjur		
Aðgangseyrir	1.010.869	894.354
Æfingagjöld	0	0
Fjáraflanir	2.172.796	3.282.657
Auglýsingar og styrkir	10.334.835	9.793.576
Tekjur vegna bifreiðar	1.273.240	1.088.001
	14.791.740	15.058.588
Rekstrargjöld		
Laun- og launatengd gjöld	5.174.116	6.551.528
Styrkur til unglíngaráðs	622.530	0
Húsnæðiskostnaður	577.377	710.000
Ferðakostnaður	2.938.730	3.088.752
Gjöld til KKÍ og dómara	1.305.679	1.468.257
Búningakaup yngri flokka	0	0
Sjúkrakostnaður	104.367	35.346
Auglýsingar og prentun	31.167	23.890
Rekstur bifr. RK-587	1.363.094	1.102.267
Afskrift bifreiðar	113.832	126.480
Annar kostnaður	963.268	1.602.166
	13.194.160	14.708.686
Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármagnsliða	1.597.580	349.902
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur	3.465	6.996
Vaxtagjöld	-486.931	-163.234
	-483.466	-156.238
Niðurstaða ársins	1.114.114	193.664

Ársreikningur aðalstjórnar körfuknattleiksdeildar

EFNAHAGSREIKNINGUR 01.07.2008 - 30.06.2009

Eignir	2009	2008
Veltufjármunir		
Bankainnistæður	503.945	13.990
Veltufjármunir samtals:	503.945	13.990
Áhöld og tæki		
Bifreiðin RK-587	1.024.488	1.138.320
Áhöld og tæki samtals:	1.024.488	1.138.320
Eignir samtals:	1.528.433	1.152.310
Skuldir og eigið fé		
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á tékkareikningi	0	400.673
Viðskiptaskuldir	915.118	915.118
Lýsing v/bifreiðar	299.508	636.826
	1.214.626	1.952.617
Eigið fé		
Flutt frá fyrra ári	-800.307	-993.971
Niðurstaða ársins	1.114.114	193.664
	313.807	-800.307
Skuldir og eigið fé samtals:	1.528.433	1.152.310

Skýrsla stjórnar unglíngaráðs körfuknattleíksdeildar

Keppnistímabilið 2008 – 2009 var það annað í röðinni sem starfandi unglíngaráð sá um rekstur og skipulagningu barna- og unglíngastarfs körfuknattleíksdeildarinnar. Markið var sett hátt, í sjóðum voru ágætar upphæðir eftir styrkjaafnanir sem átti að nota til góðra verka. Fékkst styrkur úr Íþróttasjóði Ríkisins vegna stúlknaátaks, Styrktar- og menningarsjóður Norvíkur styrkti körfuboltaskólann sérstaklega og einnig fengust styrkir vegna Fyrirmyndardeildarviðurkenningar og aðrir smærri.

Ráðinn var erlendum yfirþjálfari, Rafael Silva, portúgalskur strákur með góða þjálfarareynslu. Hann kom á svæðið í ágúst 2008 og hófst þegar handa. Í stuttu máli hrundi gengið síðan og vorum við tilneydd til að segja honum upp störfum í desember 2008. Samningar við Rafael voru í Evrum og því hækkaði launakostnaðurinn gríðarlega mikið þegar krónan hrundi.

Blásið var í stúlknaátak á tímabilinu sem fólst í því annars vegar að stúlkum í starfinu var veittur góður afsláttur af æfingagjöldum og þeim séð fyrir góðri þjálfun. Merkjanleg var fjölgun í hópi stúlkna þó ekki væri hún mikil. En þetta átak tókst vel engu að síður.

Fastar æfingar voru í eftirtöldum flokkum:

Strákar

- Drengjaflokkur – Rafael Silva / Óli Barðdal / Axel Kárasón
- 8. flokkur – Kári Marísson
- 7. flokkur – Kári Marísson
- Minnibolti eldri – Karl Jónsson
- Minnibolti yngri – Hrafnhildur Kristjánsdóttir
- Míkróbolti – Jón Kristinn Skúlason

Stúlkur

- 9. flokkur – Rafael Silva / Sigríður Inga Viggósdóttir
- 7. flokkur – Rafael Silva / Sigríður Inga Viggósdóttir
- Minnibolti eldri – Rafael Silva / Sigríður Inga Viggósdóttir
- Minnibolti yngri – Hrafnhildur Sonja Kristjánsdóttir
- Míkróbolti – Jón Kristinn Skúlason

Reynt var að þróa körfuboltaskólann áfram og réði Rafael Silva þar ríkjum fyrir áramót. Það var þó ljóst að helgártímar voru ekki að henta í þetta verkefni þar sem þjálfari var oft í burtu eða viðburðir í íþróttahúsinu sem trufluðu starfsemina. Kári Marísson tók við starfsemi skólans eftir áramótin. Körfuboltaskólinn er eitthvað sem við þurfum og eigum að gefa betri gaum í framtíðinni, því þar eru ónýtt tækifæri til að byggja ofan á færni iðkenda okkar og ekki síst, taka inn ýmiskonar fræðslu.

Árangur liða okkar í Íslandsmóttinu var upp og ofan eins og gengur. Hjá strákunum voru drengjaflokkur, 8. flokkur, 7. flokkur og minnibolti í Íslandsmóttu, en hjá stúlkunum voru það 9. flokkur, 7. flokkur og minnibolti eldri.

Farið var með minnibolta yngri á Samkaupsmóttu í Reykjanesbæ og var um kynjablandað lið að ræða. Móttu var í alla staði mjög skemmtilegt og vel lukkað og stóðu krakkarnir okkar sig vel.

Á þessu tímabili þrengdist mjög að þeim styrkjaúrræðum sem í boði hafa verið og lokuðust ýmsir sjóðir sem hægt hefur verið að sækja um stuðning í, auk þess sem fyrirtæki héldu að sér höndum frá hruninu.

Meðlimir unglingaráðs tímabilið 2008 – 2009 voru;

Karl Jónsson formaður
Aðalheiður Stefánsdóttir
María Sævarsdóttir
Guðný Jóhannesdóttir
Selma Barðadal
Sigurður Ingvarsson

F.h. Unglingaráðs
Karl Jónsson formaður

Ársreikningur unglíngaráðs körfuknattleiksdeildar

REKSTRARREIKNINGUR 01.07.2008 - 30.06.2009

	2009	2008
Rekstrartekjur		
Æfingagjöld	1.669.502	2.164.093
Fjárafánir	0	218.147
Auglýsingar og styrkir	1.273.250	1.586.900
	2.942.752	3.969.140
Rekstrargjöld		
Laun- og launatengd gjöld	3.284.143	2.398.000
Ferðakostnaður	87.000	48.626
Dómara- & þátttökukostnaður	10.000	53.750
Búningakaup yngri flokka	389.950	118.399
Sjúkrakostnaður	0	0
Auglýsingar og prentun	9.681	32.530
Annar kostnaður	585.723	151.779
	4.366.497	2.803.084
Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármagnsliða	-1.423.745	1.166.056
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur	86.962	2.175
Vaxtagjöld	-12.851	-1.725
	74.111	450
Niðurstaða ársins	-1.349.634	1.166.506

Ársreikningur unglíngaráðs körfuknattleiksdeildar

EFNAHAGSREIKNINGUR 01.07.2008 - 30.06.2009

Eignir	2009	2008
Veltufjármunir		
Bankainnistæður	9.106	1.166.506
Veltufjármunir samtals:	9.106	1.166.506
Áhöld og tæki		
Varanlegir rekstrarfjármunir	0	0
Fastafjármunir samtals:	0	0
Eignir samtals:	9.106	1.166.506
Skuldir og eigið fé		
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á tékkareikningi	192.234	0
Viðskiptaskuldir	0	0
	192.234	0
Eigið fé		
Flutt frá fyrra ári	1.166.506	0
Niðurstaða ársins	-1.349.634	1.166.506
	-183.128	1.166.506
Skuldir og eigið fé samtals	9.106	1.166.506

Skýrsla stjórnar frjálsíþróttadeildar

Starf frjálsíþróttardeildarinnar var með hefðbundnu sniði þetta árið.

Stjórnarskipti urðu á aðalfundi deildarinnar í mars og létu af störfum Björn Jónsson f.v formaður, Helga Gígja Sigurðardóttir, Valbjörn Geirmundsson og Valgerður Vilmundardóttir og þakkar núverandi stjórn þeim fyrir vel unnin störf.

Í nýrri stjórn tóku við Þorsteinn Broddason formaður, Sigurjón V. Leifsson, Eiður Baldursson, Guðrún Ottósdóttir, og Kolbrún M Sæmundsdóttir.

Fjöldi iðkennda í yngri flokkum hefur verið að aukast og hefur verið mikil gróska í starfinu. Hefur þáttaka í ýmsum mótum verið mjög góð t.d. Stórmót ÍR , Meistaramótinn innanhúss og utan. HSP leikar. Og unglíngalandsmótin Sérstaklega gaman að hafa verið umsjónaraðili að Unglíngalandsmótinu sem var haldið hér á Sauðárkróki í Ágúst þar sem okkar fólki í frjálsum vegnaði vel.

Einnig er ánægjulegt hvað margir sjálfboðaliðar gátu starfað á þessu móti og þökkum við í stjórn Frjálsíþróttadeildarinnar þeim fyrir vel unnin störf og einnig þeim sem hvöttu okkar fólk áfram á mótinu því þetta starf yrði varla unnið nema fyrir hjálp foreldra og annara sem styðja við bakið á okkur.

Gunnar Sigurðsson hefur verið okkar aðal þjálfari og aðstoðarþjálfarar eru Herdís Sigurðardóttir og Ragnís Hilmarsdóttir og þökkum við þeim fyrir vel unnin störf.

Einnig Ásbirni Karlsyni sem hefur verið umsjónar aðili með heimasíðu okkar og við höfum leitað til með útskýringar á Reglum Frjálsíþróttasambandsins.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem hafa stutt við starf okkar í stjórninni, foreldrar, styrktaraðilar, UMSS og öllum þeim sem eru að æfa og keppa undir okkar merki .

Með bestu kveðju

Sigurjón Viðar Leifsson
f.h Stjórnar Frjálsíþróttadeildarinnar

Ársreikningur frjálisþróttadeildar

Rekstrarreikningur ársins 2009

	2009	2008
Tekjur:		
Æfingagjöld	987.250	999.980
Styrkir frá aðastjórn	1.067.509	1.508.654
Fjáraflanir	381.881	1.111.000
Tekjur vegna haldinna móta	1.439.594	466.762
Tekjur vegna Sumartím	295.500	0
Vaxtatekjur	154.873	191.123
	4.326.607	4.277.519
Gjöld:		
Kostnaður vegna þjálfunar	2.856.500	3.046.500
Mótahald	0	165.351
Þjálfun vegna Sumartím	348.000	0
Ferðakostnaður	174.000	104.000
Auglýsingar	40.493	38.659
Annar kostnaður	129.508	61.664
Vaxtagjöld	21.873	91.328
	3.570.374	3.507.502
Hagnaður ársins	756.233	770.017

Ársreikningur frjálsíþróttadeildar

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

Eignir

	2009	2008
Veltufjármunir:		
Viðskiptakröfur	186.750	0
Aðrar skammtímakröfur	4.704	4.704
Handbært fé	2.490.057	1.750.047
Eignir samtals	2.681.511	1.754.751

Eigið fé og skuldir

Eigið fé:

Eigið fé frá fyrra ári	1.599.357	829.340
Hagnaður ársins	756.233	770.017
Eigið fé samtals	2.355.590	1.599.357

Skuldir:

Ferðasjóður	148.937	0
Ýmsar skammtímaskuldir	176.984	155.394
Skuldir samtals	325.921	155.394

Eigið fé og skuldir samtals	2.681.511	1.754.751
------------------------------------	------------------	------------------

Skýrsla stjórnar sunddeildar

Stjórnarstörf:

Stjórnin í heild var endurkjörin á aðalfundi deildarinnar 17. febrúar 2009. Jón Ingi Sigurðsson var því áfram formaður, Snorri Styrkársson gjaldkeri, Hrönn Guðjónsdóttir ritari og þau Jón Þór Jóseppson og Jóna Hjaltadóttir meðstjórnendur. Fundir voru haldnir reglulega fyrsta þriðjudag í mánuði.

Starfsemi deildarinnar:

Þjálfari deildarinnar var Linda Björk Ólafsdóttir, en þau Þuríður Þórarinsdóttir, Fannar Arnarsson og Erla Hrund Þórarinsdóttir leystu Lindu af þegar á þurfti að halda. Erla Hrund sá jafnframt um þjálfun á Sumar-Tím námskeiðum og Dóra Heiða Halldórsdóttir hélt sérstök námskeið fyrir yngstu börnin fyrripart ársins.

Sæhestar, eða iðkendur sem fæddir eru 1999 og 2000 æfðu þrisvar í viku. Höfrungar, eða iðkendur fæddir 1997 og 1998 fjórum sinnum í viku og Hákarlar eða iðkendur fæddir 1996 og fyrir fimm sinnum í viku.

Alls voru 10 mót sótt á vegum deildarinnar árið 2009, þar af 6 utan Sauðárkróks. Farið var á Gullmót KR, í Reykjavík 13. – 15. febrúar. Bikarmót Kiwanisklúbbsins Drangeyjar var haldið hér á Sauðárkróki 29. apríl. Farið var á Lionsmót Ránar á Dalvík 9. maí og á mót hjá sundfélaginu Húnum á Hvammstanga 16. – 17. maí. Farið var á Akranesleikana á Akranesi 5. – 7. júní. Héraðsmót UMSS var haldið hér á Sauðárkróki 17. júní. Við áttum fulltrúa á landsmóti UMFÍ á Akureyri í júlí. Unglingalandsmót UMFÍ var haldið hér á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina eða 31. júlí – 2. ágúst. Þann 7. nóvember var Unglingamót UMSS haldið hér á Sauðárkróki. Í desember var síðan farið á Desembermót Óðins á Akureyri. Að vanda stóðu krakkarnir sig vel, bættu árangur sinn og voru félaginu til sóma. Farið var í æfinga og skemmtiferðir, Sæhestar og Höfrungar fóru til Akureyrar og Hákarlar til Hafnarfjarðar.

Afrekskonan og þjálfarinn Ragnheiður Runólfsdóttir heimsótti sunddeildina í júlí og gaf krökkunum og þjálfara þeirra góð og dýrmæt ráð.

Farið var í nokkrar fjáraflanir á árinu 2009. Sunddeildin sá um slátt og hirðingu á lóð Heilbrigðisstofnunarinnar. Gulrætur voru seldar og í nóvember syntu krakkarnir fimm krónu áheitasund.

Á uppskeruhátíð deildarinnar fyrir árið 2009, sem haldin var á Mælifelli 26. janúar 2010 voru viðurkenningar veittar, Sunneva Jónsdóttir fékk viðurkenningu sem sundmaður deildarinnar, Sigrún Þóra Karlsdóttir fékk viðurkenningu fyrir tæknilegar framfarir, Matthías Rúnarsson fékk viðurkenningu fyrir ástundun og Ásgrímur Þór Kjartansson fékk viðurkenningu fyrir þróðmennsku. Auk þess var öllum sundiðkendunum færðar sundhettur og DVD mynd að gjöf frá deildinni. Deildin tilnefndi Steinunni Snorradóttur og Hjalta Arnarsson sem unga og efnilega sundmenn til UMSS, auk Sunnevu Jónsdóttur til íþróttamanns ársins.

Sunddeild Tindastóls sá um og bar ábyrgð á framkvæmd sundmótshlutans á Unglingalandsmóti UMFÍ um verslunarmannahelgina og tókst sú framkvæmd með mikilli sjálfböðavinnu framur vonum. Við afrekuðum það að halda fyrstu löglegu og viðurkenndu

unglingalandsmótssundkeppni af hálfu Sundsambands Íslands. Vonandi verður framhald þar á af hálfu UMFÍ.

Að lokum viljum við stjórnarmenn þakka öllum sem komið hafa að rekstri og starfsemi deildarinnar og einnig þeim fjölmörgu sem styrkt hafa sunddeildina á ýmsan hátt á árinu 2009.

Sauðárkróki, 24. febrúar 2009

Stjórn sunddeildar Tindastóls.

Jón Ingi Sigurðsson
Snorri Styrkársson
Hrönn Guðjónsdóttir
Jóna Hjaltadóttir
Jón Þór Jósepsson

Ársreikningur sunddeildar

Rekstrarreikningur árið 2009

Tekjur.	2009	2008
Æfingagjöld	652.742	462.898
Styrkur frá UMFT	563.753	698.492
Styrkir og fjáröflun	432.000	306.986
Fimmkrónusund	360.357	290.376
Vaxtatekjur	22.785	39.971
Annað	221.084	89.950
Samtals tekjur	2.252.721	1.888.673
Gjöld.		
Laun og launatengd	1.835.449	818.553
Auglýsingar og prentun	28.113	31.342
Verðlaun	41.812	9.000
Þátttökugjöld	231.400	107.050
Ferða og fæðiskostnaður	130.350	152.775
Félagsgjöld	124.912	69.250
Annar kostnaður	424.549	44.035
Vaxta og þjónustugjöld	32.239	9.881
Samtals gjöld	2.848.824	1.241.886
Hagnaður / tap ársins	-596.103	646.787

Ársreikningur sunddeildar

Efnahagsreikningur 31.12. 2009

Eignir	31.12.2009	31.12.2008
Bankainnistæður		
Tékkareikningur Nýi Kaupþing banki	701.509	1.510.745
	701.509	1.510.745
Viðskiptakröfur		
Óinnheimt æfingagjöld	90.709	50.300
Óinnheimt v/fimmkrónusunds	83.732	0
	174.441	50.300
Eignir samtals	875.950	1.561.045
Skuldir og eigið fé		
Skuldir		
Laun og launatengd gjöld	80.408	147.500
Ýmislegt ógreitt	0	21.900
	80.408	169.400
Eigið fé		
Höfuðstóll frá fyrra ári	1.391.645	744.858
Hagnaður / tap ársins	-596.103	646.787
	795.542	1.391.645
Skuldir og eigið fé	875.950	1.561.045
Ferðasjóður - utan efnahagsreiknings:		
Staða í ársbyrjun	344.170	411.216
Söfnun á árinu	456.984	1.041.293
Fjármagnstekjur	26.280	84.385
Ráðstöfun ársins	0	1.192.724
Staða í árslok	827.434	344.170

Skýrsla stjórnar skíðadeildar

Starfið hjá Skíðadeildinni byrjaði með aðalfundi 29. Október þar sem ný stjórn var kjörin. Stjórnin fundaði stíft og var aðal málið hvernig við gætum fjölgað skíðaiðkendum í Skagafirði. Ákveðið var að gefa 2. Bekk árskort í lyfturnar og halda öllum kostnaði eins lágum og hægt var. Farið var í nágretta byggðarlög og skíðastarfið kynnt. Haldin var fjölskyldudagur þann 6. Des þar sem árskort voru afhent.

Skíðaveturinn var langur og strangur, skíðavertíðin byrjað með því að Viggó Jónsson var ráðinn að skíðasvæðinu tímabundið til vors og Bjarni Helgi Ragnarsson var fenginn frá Sveitarfélaginu.

Þeir félagar gengu í að gera klárt fyrir veturinn, lagfæra snjógirðingar og yfirfara lyftuna, en það fór að snjóa snemma og náðist þar af leiðandi ekki að gera við snjógirðingar eða ganga frá öðrum hlutum eins og að klæða skúr og ganga frá rafmagnim setja upp ljós eins og hugur stóð til en það býður betri tíma.

Þeir félagar opnuðu svo skíðasvæðið föstudaginn 31. Okt og höfðu opið til 20. Apríl en þá var aðsókn orðin svo lítil að ekki var verjandi að hafa opið lengur þrátt fyrir að nægur snjór væri á svæðinu. Viggó fór strax í það að ganga frá ýmsum hlutum sem eftir var að ganga frá síðasta starfsárs, svo sem að ljúka samningum við verktaka og greiða þeim ógreidda reikninga. Það er of langt mál að rekja alla þá styrki sem við höfum fengið en allt gekk það mjög vel.

Skíðadeildin gekk frá samningum við skíðapjálfa, æfingar hófust í janúar og stóðu fram að Andrésar Andar leikum og er óhætt að segja að vetrarstarfið hafi gengið vel. 54 krakkar hófu æfingar þar af 15 börn frá Skagaströnd og samstarfið við Skagstrendinga gekk allt með miklum ágætum og virkilega ánægjulegt að finna hvað fólkið þar var áhugasamt og hjálplegt við starfið hjá félaginu, þó svo að þetta væri ekki beint þeirra ungmennafélag. En svona á þetta að vera, það hjálpast einfaldlega allir að.

Ekki þarf að taka fram að okkar fólk stóð sig með mikilli þryði alveg sama hvernig á það er litið, allir tilbúnir að láta hlutina gerast.

Skíðadeild Tindastóls stóð fyrir Vetrarleikum í Tindastól, Pálína Ósk Hraundal var ráðin framkvæmdarstjóri fyrir verkefnið.

Óhætt er að segja að Vetrarleikarnir í Tindastól hafi gengið vonum framar þó svo að við hefðum kannski viljað fá fleira fólk en það að sameina svona marga aðila við verkefnið var algjörlega frábært og ekki að sjá annað en fólk hafi skemmt sér alveg konunglega.

Við vorum mjög heppin með veður og allt gekk í rauninni upp. Ég vil þakka öllum þeim fjölmörgu aðilum sem gerðu þetta mögulegt, hvort sem það voru fyrirtæki, félagasamtök eða einstaklingar. Þegar við stöndum saman eins og í fyrstu helgi Góu í vetur, þá stoppar okkur ekkert.

Við héldum innanfélagsmót fyrir alla aldurshópa og buðum ÍR-ingum og gestum í fjallinu að vera með. Mótið heppnaðist mjög vel og var þetta mjög góður undirbúningur fyrir Andrésar Andar leikana þar sem Tindastóll fór með 38 keppendur sem stóðu sig með þryði. Það er

nauðsynlegt fyrir okkur að vera með mót þar sem við bjóðum skíðadeildum til okkar. Uppskeruhátíð var í fjallinu. Þar var grillað, haldin myndasýning og verðlaunaafhending. Gríðalega góð mæting var á hátíðina.

Páskadagskráin var með hefðbundnu sniði og heppnaðist mjög vel.

Opnunardagar voru 113 og komu 7.263 gestir á skíði til okkar í vetur sem er aukning frá því í fyrra, en stefnan er að sjálfsögðu að gera enn betur næsta vetur.

Skíðadeild Tindastóls er nú að hefja síðasta starfsárið sem samningur við Sveitarfélagið Skagafjörð gildir, þannig að stjórn deildarinnar þarf að móta sér skoðun með hvaða sniði verður haldið áfram og með hvaða rekstrarformi.

Spyrja má, á Skíðadeild Tindastóls að reka skíðasvæðið freka heldur en Knattspyrnudeild og Frjálsíþróttadeild reki íþróttavöll eða Sunddeildin sundlaugina o.s.frv.

Þess má geta að nú er að störfum skálanefnd, eins og staðan er í dag þá er það mín skoðun að ef við ætlum að halda áfram uppbyggingu á svæðinu þá er mesta þörfin fyrir nýjan skála svo hægt sé að taka á móti stækkandi hópi skíðaiðkenda.

Svo er það draumur að sjá barnagarð og topplyftu, en þetta eru bara hugleiðingar sem gott er að hugsa um í skammdeginu.

Að lokum vill ég þakka öllu því frábæra fólki sem hefur stutt við bakið á Skíðadeildinni með ráð og dáð. Einnig viljum við þakka Sveitarfélagi Skagafjarðar fyrir gott samstarf og að síðustu stjórnarmönnum mínum fyrir samstarfið.

Ársreikningur skíðadeildar

Rekstrarreikningur 1.9.2008 - 31.8.2009

Tekjur:	2009	2008
Auglýsingar á dagatali	567.500	637.495
Auglýsingar á skiltum	90.000	75.000
Tekjur af skíðasvæði	8.787.846	6.478.120
Æfingagjöld	672.000	0
Styrkur frá Skagafirði v/10 ára samn.	11.209.507	9.937.898
Sauðárkróksbær, rekstrarstyrkur	2.054.065	1.912.815
Tindastóll	476.764	776.157
UMFÍ vegna vetrarleika	50.000	0
UMSS vegna vetrarleika	50.000	0
Tengill ehf	82.597	0
Vinna v/jólaskreytinga	250.000	250.000
Vinumálastofnun v/ átaksverkefni	439.668	0
Kaupfélag Skagfirðinga	40.000	0
Tryggingabætur VÍS	767.391	0
Seldur bíll	70.000	0
Ýmsir styrkir	2.097.300	600.000
Vaxtatekjur	111.521	376.977
Tekjur samtals	27.816.159	21.044.462

Ársreikningur skíðadeildar

Gjöld:

Leiga á skíðalandi	56.586	47.522
Fasteignagjöld	196.939	191.912
Laun og launatengd gjöld.	4.215.186	3.959.003
Þjálfaralaun og launatengd göld	918.942	435.961
Laun og launat.gj. v/átakverkefni	795.239	0
Rafmagn	976.163	591.592
Skíðasamband Íslands	20.000	22.400
Starfsleyfisgjald	12.720	0
Heilbrigðisgjald	4.906	4.369
Viðhaldskostnaður svæðisins	2.181.395	1.948.106
Olíur og eldsneyti	2.493.654	1.118.002
Tryggingar	432.290	374.806
Skoðunargjöld	36.446	35.596
Sími	89.302	103.607
Námskeið	0	28.310
Skidata, miðar og leyfi	277.635	0
Ritföng, pappír, prentun & auglýs.	305.453	264.708
Tengigjöld, tölvu	82.597	0
Ferðakostnaður	17.165	76.070
Vetrarleikar	215.000	0
Verðlaunapeningar, bikarar	99.900	12.800
Árgjald Samtök Skíðasvæða	15.000	10.000
Keppnisgjöld, Andrés	117.960	91.950
Gjöld samtals	13.560.478	9.316.714
Hagnaður (- tap) fyrir afs fjármgj. & styrki frá Sbæ.	992.109	(122.965)
Fjármagnskostnaður	2.219.656	4.841.502
Afskriftir	3.019.044	2.459.540
Hagnaður (- tap) ársins	9.016.981	4.426.706

Ársreikningur skíðadeildar

Efnahagsreikningur 31.8.2009

Veltufjármunir:

Kaupþing banki 301268	11.197	2.827
Kaupþing banki 15475	306.998	0
Landsbanki Íslands	109.502	149.122
Sauðárkróksbær v/átaksverkefni	355.571	0
Kaupfélag Skagfirðinga, innlánsd.	10.069	8.825
Veltufjármunir alls	793.337	160.774

Fastafjármunir:

Greidd leiga til Torfa, afs 5% pa	1.350.901	1.422.001
Skíðaskáli, afs 5% pa.	1.100.210	1.158.116
Skíðasvæðið, afs 8% pa.	36.213.951	36.125.474
Fastafjármunir alls	38.665.062	38.705.590

Eignir samtals	39.458.399	38.866.364
-----------------------	-------------------	-------------------

Skuldir og eigið fé:

Skuldir:

Byggðastofnun, 700497	7.103.093	12.663.918
Áfallnir vextir af 700497	454.401	810.139
Kaupfélag Skagfirðinga	0	14.597
Landsbanki Íslands, 610519	2.093.019	4.144.312
Kaupþing banki 15475	0	466.693
Fasteignagjöld	24.200	0
Launatengd gjöld	0	0
Skuldir alls	9.674.713	18.099.659

Eigið fé:

Höfuðstóll frá fyrra ári	20.766.705	16.339.999
Hagnaður (- tap) ársins	9.016.981	4.426.706
Skuldir & eigið fé alls	39.458.399	38.866.364

Minningarsjóður um Rúnar Inga Björnsson

Númer í sjóðaskrá 1246

Rúnar Ingi Björnsson var efnilegur íþróttamaður hjá UMF Tindastóli. Hann lést við verkamannastörf ungur að aldri. Foreldrar hans stofnuðu minningarsjóð í hans nafni sem hefur styrkt afreksfólk og afrekshópa, bæði til ferðalaga og keppni.

Stjórn sjóðsins samanstendur af formanni UMF Tindastóls, skólastjóra Árskóla og sóknarpresti Sauðárkróskirkju. Umsóknir um styrk úr minningarsjóðinum þurfa að berast formanni UMF Tindastóls. Fyrir aðalfund á hverju ári hittist stjórnin og fer yfir umsóknir. Þær sem eru samþykktar koma til úthlutunar á aðalfundi félagsins.

Þetta árið er úthlutað tveimur styrkjum úr sjóðnum. Formaður UMF Tindastóls afhendir styrkina hér með.

1. Linda Björk Valbjörnsdóttir fær styrk að upphæð 50.000 vegna þátttöku hennar í mótum í nafni UMF Tindastóls
2. Þriðji flokkur kvenna í knattspyrnu fær styrk að upphæð 75.000 vegna æfinga- og keppnisferðar á komandi sumri.

Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson

Rekstrarreikningur ársins 2009

Tekjur	2009	2008
Opinber framlög		
Styrkir og gjafir	64.300	35.200
Tekjur af rekstri		
Tekjur af fasteignum		
Aðrar tekjur		
Tekjur samtals	64.300	35.200
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld		
Styrkveitingar skv. skipulagsskrá	125.000	100.000
Kostnaður v/fasteigna		
Annar rekstrarkostnaður		
Annar kostnaður	0	42.560
Afskriftir fastafjármuna		
Gjöld samtals	125.000	142.560
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(60.700)	(107.360)
Fjármunatekjur- og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur og verðbætur	369.070	552.682
Vaxtagjöld og verðbætur		
Fjármagnstekjuskattur	(46.453)	(55.268)
Tekjur/gjöld vegna verðlagsbreytinga		
Fjárm.liðir samtals	322.617	497.414
Niðurstaða rekstrar	261.917	390.054

Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

Eignir	2009	2008
Fastafjármunir		
Fasteignir		
Aðrar eignir		
Fastafjármunir samtals	0	0
Veltufjármunir		
Skammtíma kröfur		
Aðrir veltufjármunir		
Bankainnstæður og sjóðir	2.975.607	2.713.690
Veltufjármunir samtals	2.975.607	2.713.690
Eignir alls	2.975.607	2.713.690
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Eigið fé í ársbyrjun	2.713.690	2.323.636
Tekjur umfram gjöld	261.917	390.054
Eigið fé samtals	2.975.607	2.713.690
Langtímaskuldir		
Veðskuldir		
Aðrar langtímaskuldir		
Langtímaskuldir samtals	0	0
Skammtímaskuldir		
Ógreiddur kostnaður		
Aðrar skammtímaskuldir		
Skammtímaskuldir samtals	0	0
Skuldir og eigið fé alls	2.975.607	2.713.690